

Nr. 1279

20. desember 2013

AUGLÝSING um deiliskipulagsbreytingu, miðbær, Stykkishólmsbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi:

Breyting á deiliskipulagi, miðbær.

Deiliskipulagið tekur til breytingar á reit B, breytingarnar eru eftirfarandi: byggingarreitur er færður um 1,5 m til suðurs, heimilt er að byggja tvær hæðir og ris og þakhalli má nú vera á bilinu 35-45 gráður. Einnig er bætt við tveimur bílastæðum á lóð og skal annað þeirra vera ætlað fötluðum.

Samþykkt í bæjarstjórn 12. desember 2013.

Ofangreind breyting á deiliskipulagi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 20. desember 2013.

Sigurbjartur Loftsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2014